

# Encyclopædica Britannica;

ELLER, ET ANTAL

## FREMSTILLINGER

OM

de fkiønne og nyttige

V I D E N S K A B E R,

I HVILKE DISKURSER

diverse Phænomeners

BESKRIVELSER & FORKLARINGER gives

TILLIGE MED

adskillige befynderlige og færdeeles OBSERVATIONER, <sup>o<sup>a</sup></sup>  
i Øst og Vest

---

ILLUSTREREDE MED XXV TIL DEELS COLOREREDE AFBILDNINGER.

---

*Udgivne af en KREDS af DANNEQVINDER paa AMAGER.*

---

I FORELØBIG EET VOLUMEN.

---

VOL. I.

---

---

HAFNIÆ.

Trykt for R. MÓSESDÓTTIR og J. LOUIS-JENSEN  
Og folgt af FLORIAN GRAMMEL, i hans Tryk-Comptoir, Nialsgade.

MMVII

*Festskrift til  
Britta Olrik Frederiksen  
i anledning af hendes 60-årsdag  
den 5. december 2007*

*ved  
Florian Grammel, Jonna Louis-Jensen og Ragnheiður Mósedóttir*

Copyright © 2007 forfatterne

Første oplæg i fire eksemplarer 5. december 2007

Anden noget forbedrede elektroniske udgave 2007  
[http://nfi.ku.dk/publikationer/encyclopaedica\\_brittanica/](http://nfi.ku.dk/publikationer/encyclopaedica_brittanica/)

ISBN 978 87 992447 0 6

*Sat med "Andron Corpus" af Florian Grammel*

*Første oplægs indbinding ved*

*Sille Bræmer Enke, Natasha Fazlić og Mette Jakobsen*

BÓKMENNTASÖGULEG STAÐA  
ÓSKILAMANNALÝSINGA OG TILLAG TIL  
STÍLFRÆÐI ÞEIRRA

MAGNÚS HAUSSON

[— — —]

Auðkenni Jóns Hreggviðssonar eftir sýslumannsins meðkenningu eru þessi:

Í lægra lagi en að meðalvexti, réttvaxinn, þrekvaxinn, fótagildur, með litla hönd, koldökkur á hárslit, lítið hærður, skeggstæði mikið, enn nú afklípt, þá síðast sást, móeygður, gráfölnur í andliti, snarlegur og harðlegur í fasi.

Beiddist nú vinsamlega í lögréttu velnefndur landfógetinn, að allir landsins innbyggjarar, einkum sýslumenn, klausturhaldarar og hverir aðrir, sem hérnefnt illmenni, Jón Hreggviðsson, hitta kunni, vildu alvarlega réttarins vegna til hlutast, að hann til fanga tekinn væri og til Bessastaða í góðri vöktun sendur, hvers umkostnað herra fógetinn segist vilja sanngjarnlega betala.

(Alþingisbókin 1684, 35)<sup>1</sup>.

---

<sup>1</sup> *Alþingisbækur Íslands. Acta comitiorum generalium Islandiæ* 1–17, Reykjavík 1912–1990.

Óskilamannalýsing<sup>2</sup> þessi er síðasti hluti texta sem hefur að geyma meira um mál viðkomandi sakamanns en venja er. Hér er um að ræða niðurlag bréfs sem gerir grein fyrir máli Jóns Hreggviðssonar. Hann er þegar þarna er komið sögu kominn úr augsyn yfirvaldanna og það er tilefni þess að lýst er eftir honum á Alþingi. Talsvert er af óskilamannalýsingum í Alþingisbókunum og standa þær að jafnaði einar út af fyrir sig eða með fleiri af sama tagi í skrifti sýslumannsins sem hefur með mál að gera.<sup>3</sup>

<sup>2</sup> Í Alþingisbókunum er „óskilamannalýsing“ oftast notað um umrædda texta en „mannlýsing“ og „lýsing“ koma einnig fyrir og stundum eru textar þessir tilgreindir með „auðkenni NN“ í registri eða fyrirsögn. Ég leitast við í greininni að halda aðgreindum hugtökunum „óskilamannalýsingu“, sem nær yfir texta í heild sinni, og „mannlýsingu“, sem ég nota yfir þann hluta textans sem lýsir hinum horfna.

<sup>3</sup> Höfundur þessa skrifts gekk úr skugga um að þrjú fyrstu bindi Alþingisbókanna (tímabilið 1570–1605) hafa ekki að geyma neinar óskilamannalýsingar. Aðeins var flett gróflega í gegnum bindi IV–VII og kom í ljós að þar voru fáir slíkir textar. Efniviður rannsóknarinnar er í bindum VIII–XVII. Tekið skal fram að undir hverri færslu hér á eftir geta verið fleiri en ein óskilamannalýsing. Ártölin í svigum eftir blaðsíðutöluna gefa til kynna hvenær lýsingin var kunngerð: *Alþingisbækur Íslands* VIII, 35 (1684), 269 (1689); IX, 120–122 (1699), 151 (1700), 171–172 (1701), 211 (1702), 237 (1703), 267–268 (1704), 354 (1705), 446 (1707), 543–544 (1709); X, 63 (1712), 78 (1712), 188 (1714), 216–217 (1715), 262 (1716), 447–448 (1719), 539–540 (1720); XI, 39–40 (1721), 96 (1722), 152 (1723), 210–212 (1724), 214–215 (1724), 269–271 (1725), 336 (1726), 408–409 (1727), 486–487 (1728), 547 (1729), 605–606 (1730); XII, 31 (1731), 120–121 (1733), 183–184 (1734), 236–237 (1735), 301–302 (1736), 383–385 (1737), 431–434 (1738), 497–499 (1739); XIII, 171 (1743), 212–214 (1744), 279–280 (1745), 309–310 (1746), 362–363 (1747), 401–402 (1748), 441–442 (1749), 471 (1750); XIV, 32–33 (1751), 79–80 (1752), 312–313 (1758), 413–414 (1760), 483–484 (1762); 513 (1763); 540–541 (1764), 577–578 (1765); XV, 61 (1767), 270–271 (1771), 399–400 (1774), 569 (1778); XVI, 42 (1781), 93 (1782).

Mér þótti við fyrsta augnakast lýsingin eftir Jóni Hreggviðssyni og aðrir textar af sama tagi forvitnilegir af fleiri en einni ástæðu, en þó ekki síst vegna tvenns konar stíls þeirra og skýrra stílskila milli textahlutanna: Annars vegar er kjarni textans, mannlýsingin sjálf, langoftast án lærðra embættisbréfastíleinkenna og illa aðlagðra tökuorða, en ber hins vegar í mörgum tilfellum frekar svip af mannlýsingum fornrita í þjóðlegum stíl, beinna mannlýsinga eins og t. a. m. þessarar af Hallfreði Óttarssyni vandræðaskáldi:

Óláfr at Haukagili fóstraði Hallfreð, ok var hann vel haldinn þar. Hann [Hallfreður] var snimma mikill og sterkr, karlmannligr ok skolbrúnn nokkut ok heldr nefljótr, jarpr á hár, ok fór vel; skáld var hann gott og heldr niðskár og margbreytinn; ekki var hann vinsæll.<sup>4</sup>

(Hallfreðar saga, 2. kafli)

Ramminn um mannlýsingu óskilamannalýsinganna í Alþingisbókunum, inngangurinn og niðurlagið, hefur hins vegar ætíð að geyma mikið safn tökuorða (begenginn, fornemstu, forþént straff, betala) og ýmis lærð stíleinkenni: eignarfall persónufornafna, eignarfornafn og eignarfallseinkunn standa gjarna á undan höfuðorði nafnliðar (sinna áttaha), „hvorra“ notað sem tilvísunarforfnafn, sagnarögn og sögn eða lýsingarháttur sagnar í einu orði (tilhlutast, burtstrokinni), tíð notkun lýsingarháttar og miðmyndar (umbiðjast), sögn í persónuhætti sett aftast í setningu á eftir aðalsögn (að hann til fanga tekinn væri).

---

<sup>4</sup> *Hallfreðar saga*, Íslenzk fornrit 8, Einar Ól. Sveinsson gaf út, Rv. 1939.

Alþingisbókin 1782 hefur að geyma eftirfarandi óskilamannslýsingu. Þar kemur við sögu ein þeirra þriggja kvenna sem ég rakst á í því safni sem ég fór í gegnum (sjá nmgr. 3):

Lýsist hér með Helgu Ólafsdóttur, eftir begenginn sauðabjófnað á síðastliðnum vetri burtstrokinni frá Arnkelsgerði í Vallahrepp; hennar fornemstu auðkenni eru þessi:

Hún er í hærra lagi og vel gild, dökk á hár og brún, skarpleit og langleit í andliti, langt nef með lið á, mjótt enni, stóran munn, annars skinndökk, með þrælslegu augna tilliti, fljótmaelt, létt og rösk á fæti.

Umbiðjast kongel. Majests. valdsmenn í hvorra sýslum nefndur þjófur mætti hittast, að hún yrði sett í haft og flutt til Suður Múla sýslu, þá hún öngvan sýslumanns passa væntanl. hefur að framvísa.

Ketilstöðum d. 29. Junii 1782. J. Sveinsson.

(Alþingisbókin 1782, 93)

Í sjálfum mannlýsingunum er áhersla lögð á – eins og vænta mátti vegna hlutverks textans – að lýsa ytra útliti og auðgreinanlegum sérkennum. Nútíð er notuð og að því leyti greina þær sig frá mannlýsingum frásagnartexta þar sem þátíð er eðlilegust og algengust. Gjarnan er vikið fyrst að líkamsbyggingu en síðan andliti og höfði. Textinn einnennist af upptalningu persónueinkenna í nokkurra liða lotum, jafnan lengri en tvenndum og þrenndum sem oft má sjá í mannlýsingum fornritanna. Lýsingin á Jóni Hreggviðssyni er t. d. upptalning 13 atriða með samtengingunni „og“ einungis á einum stað, þ. e. a. s. á undan síðasta lið. Hliðskipaðar tvenndir og þrenndir persónueinkenna koma þó alltítt fyrir, t. d. „í hærra lagi og vel gild“, „skarpleit og langleit í andliti“, „létt og rösk á fæti“ í lýsingunni á Helgu Ólafsdóttur og

mörg dæmi eru um þetta í vandlega saman settri lýsingu hér á eftir á Jóni Árnasyni. Þar bólar meira að segja á að stuðlun í sumum þeirra („herðamikill og hálsboginn“, „hálfbjartur á hárs-lit og hrokkinhærður“). Lýsingin eftir Jóni er auðvitað gefinn út í því formi sem sést á öðrum slíkum textum, þ. e. a. s. einungis með línuskiptum þegar lína er full. Mannlýsingin er ein efnisgrein á milli inngangs og niðurlags sem mynda hvort um sig sína efnisgrein í útgáfunni, en til gamans brýt ég upp lausamálssnið mannlýsingarinnar og set línuskipti á eftir hverri lotu sem langtíðast halda saman skyldum eða samsvarandi at-riðum. Og útkoman er texti er hefur mörg einkenni óbundins ljóðs. Ég vil þó ekki hætta mér út í að greina textann nánar á þeim nótum heldur frekar leita samhengisins í mannlýsingum fornsagnanna – og hugsanlega einnig í fornu lagamáli þar sem stuðlasetningu er gjarna beitt í fárra orða/atkvæða lotum. Ég set dæmi úr Vígslóða við hliðina á mannlýsingunni til að undirbyggja þá hugmynd um samsvörur:

Maður í hærra lagi,  
þrekinn og holdugur,  
herðamikill og hálsboginn,  
með stórar og þykkvar hendur,  
fótastór,  
kringluleitur, sléttleitur  
og bleikleitur,  
hafði nýrakað höfuð,  
hálfbjartur á hárs-lit  
og hrokkinhærður,  
hvíteygður, með brattar nasir,  
hefur ódjarflegt yfirbragð  
og lágan róm,  
vellesandi á prent,  
sæmilega á skrif,

[...] En ef annar tveggi þeirra [NN  
og NN] verður svo óður að hann  
gengur á gerva sætt  
og vegur á veittar tryggðir,  
þa skal sá rekinn vera frá Guði  
og frá allri Guðs kristni,  
svo víða sem menn varga reka,  
kristnir menn kirkjur sækja,  
heiðnir menn hof blóta,  
móðir mög fæðir,  
mögur móður kallar,  
eldar upp brenna,  
Finnur skríður,  
fura vex,  
valur flýgur,

læsilega skrifandi,  
 nokkuð hagar á tré,  
 ágangs-maður til flestrar  
 strit-vinnu á landi,  
 en óvanur við sjó,  
 kann flesta kvenna-vinnu,  
 burða-maður í betra lagi,  
 þjófgefinn í mesta máta,  
 19 vetra að aldri.  
 (Alþingisbókin 1748, 402)

vorlangan dag  
 og standi byr undir  
 báða vængi.  
 (Vígslóði Grágásar)<sup>5</sup>

Ekki væri sanngjarnt að leyna því fullkomlega, að þótt orðskipan mannlýsinganna, orðaval og orðmyndun séu langoftast laus við lærd og erlend áhrif, finnast vissulega óskilamannalýsingar í Alþingisbókunum þar sem stíll embættismannabréfanna setur að nokkru mark sitt á mannlýsingu textans. Sums staðar má t. a. m. sjá tíðari notkun lýsingarháttar nútíðar en í mannlýsingum fornrita. Hér er eitt dæmi um að orð og orðskipan lýsingar sver sig í ætt við stíl rammans (veita skal athygli orðunum: brúkar, paruque, farfa – og orðskipan í klausunni: allsæmilega á kveðskap hagameltur):

Sýslumaðurinn Guðmundur Runólfsson lýsir Ara Hákonarsyni frá Reykjavík, burtstroknnum frá konu og börnum, beskulduðum fyrir þjófnað:

Hann er að vexti með minni mönnum, skarp- og grannleit-ur, sköllóttur í höfði, líklegast af ó-hreininda vosi í ungdómi,

<sup>5</sup> *Grágás*, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfunu, Rv. 1992, 283. Dæmið og uppsetningu þess sækir ég í bók Heimis Pálssonar *Lykill að Íslendingasögum*, Rv. 1998, 30–31.



brúkar paruqve, koldökkur á hár og skegg, kinnbeinahár og bólu-grafinn, með ljósleitun farfa á andliti, brúkar nef-tóbak í meira lagi, lesandi, en lítt-skrifandi, allsæmilega á kveðskap hagamæltur.

Umbiðjast þénustusamlegast kongl. Maj. sýslumenn að láta taka nefndan Ara undir kongsins lás, þar hittast kann, og flytja til Gullbringu-sýslu.

(Alþingisbókin 1767, 61)

Tilheyrendur á Alþingi fá sjaldnast mjög nákvæma lýsingu á persónuleika hins eftirlýsta fram yfir það sem lýsingin á útliti hugsanlega getur gefið til kynna, enda þjóna upplýsingar um hinn innri mann síður markmiði textans. Í mörgum lýsingum er athyglinni þó beint að háttum sakamannsins og býsna oft tekið fram hversu laginn hann er til ýmissa verka, einnig hvaða lærdómi eða kunnáttu hann býr yfir. Þetta er t. d. gert allítarlega í lýsingunni hér framur af Jóni Árnasyni og með færri orðum þegar lýst er eftir Ara Hákonarsyni. Er augljóst að þetta þjónar tilgangi, af þessum einkennum má kenna manninn. Gerð er óvenjulega rækileg grein fyrir hátterni og kækjum í lýsingunni á Birni Guðmundssyni, „burtstroknun flangrara úr Vaðla sýslu og Svarfaðardal“ sumarið 1773. Þar segir eftir að útliti hefur verið lýst:

[— —] lendamikill, og ganga mjög til mjaðmirnar, þá gengur; ólesandi; brúkar mikið tóbak í munninn og talar þar um gjarnan; digurrómaður, í hærra lagi talandi og stamar mjög við, einkum þá ógeðfellt til orða kemur, viprar þá vörum og breytir ýmislega röddinni; hnykkir höfðinu áfram og teygir hálsinn sem hann kyngi; segir þá gjarnan: tý já já; hváar gjarnan eftir því, sem við hann er talað, með aftur munninn og bætir við. Hvað sagðirðu?; snýr að þeim bakinu, er hann talar

við; potar oft úr tönnum sér og spýtir á hlið við sig; þakkar og kveður með þessum orðum tví- og þrí-teknum. Guð-laun fyrir, guð-laun fyrir góðgjörðirnar.

(Alþingisbókin 1774, 399–400).

Hér er nákvæmni textans óvenjumikil og um leið fjarlægist stíllinn orðafar og knappan stíl mannlýsinganna í fornritum.

Mannlýsingar Alþingisbókanna, eins og annað efni þeirra, vekja óneitanlega forvitni um þau mannlegu örlog sem þar glittir í og þær geta einnig varpað örskotsljósi á drætti í aldarfari. Lærdómsríkt er að huga að því hvaða ástæður eru fyrir því að lýst var eftir mönnum. Þær eru oftast að viðkomandi hefur sloppið úr haldi, á dóm eða refsingu yfir höfði sér eða er grunaður um afbrot stór og smá. Til dæmis er lýst árið 1719 eftir Gísla Ólafssyni úr Vaðlasýslu sem dæmdur hafði verið fyrir „illyrði við sinn sóknar-prest og kvöldmáltíðar sakramentið“.<sup>6</sup> Einnig er vert að geta þess að verulegur hluti óskilamannanna kemst í Alþingisbækur vegna þess þeir hafa horfið á brott frá barnsmæðrum sínum og eiginkonum. Mikil alvara var á ferðum í þessum málum því þarna var ekki einungis um það að ræða að menn væru að hlaupa frá ábyrgð sinni gagnvart barni og móður heldur undan þungum refsingum fyrir barneignir utan hjónabands og hórdómsbrot. Yfirvöldin höfðu vísast frumkvæði að því í langflestum tilvikum að lýsa eftir mönnunum en konurnar hugsanlega einnig. Ekki er fullljóst hvort heldur er í tilviki Eiríks Péturssonar, „sem burtvikið hefur frá konu sinni Helgu Skeggjadóttur úr miðhluta Múlasýslu og ei til hennar komið eftir konunnar sögn í hálf tallefta ár, en hún á næstliðnu sumri

---

<sup>6</sup> *Alþingisbækur Íslands X*, 447.

að barneign augljós orðin með ógiftum manni, Oddi Hermannssyni, nú dauðum.<sup>7</sup>

Ósjálfrátt varð mér að líta á óskilamannalýsingarnar í samhengi við þær bókmenntagreinir sem ég hef dæmt sjálfan mig til að lesa og skoða frekar en önnur rit: sögulegar skáldsögur, sagnabætti og annan þjóðlegan fróðleik. Fjölmörg dæmi eru um að höfundar heimildabátta og sögulegra skáldsagna hafi sótt söguefni í dómsmál fyrri alda.<sup>8</sup> Það þekktasta er vafalaust Íslandsklukkan og aðalpersóna hennar, einn frægasti „delinkvent“ íslenskrar sögu og bókmennta, „hinn svartí þjófur“ Jón Hreggviðsson.<sup>9</sup> Og hvernig er því nú farið – skyldi Laxness hafa nýtt sér lýsinguna á Jóni í *Alþingisbókinni* 1684? Að minnsta kosti í einu atriði er strax augljóst að svo er. Jón Hreggviðsson Íslandsklukkunnar er dökkur yfirlitum. Við sjáum hann koma með hans majestets bifalingsmanni að Þingvöllum í upphafi sögunnar, báðum er lýst og Jóni þannig: „hinn [þ. e. Jón] svartur tötramaður ljótur“.<sup>10</sup> Í tíunda kafla segir frá því er Snæfríður Íslandssól leysir Jón úr fjötrum og sendir hann á fund Arnæusar – þar segir: „Stúlkan [...] horfði á svartan manninn, hve rótt hann svaf með bólgna úlnliði og fleiðraða ökla í járnum, og þetta mikla hár og skegg í einum lubba.“<sup>11</sup>

---

<sup>7</sup> *Alþingisbækur Íslands IX*, 543.

<sup>8</sup> Mörg dæmi má nefna um þetta, t. d.: Björn Th. Björnsson: *Haustskip*, Rv. 1975 og Jón Óskar: *Konur fyrir rétti*, Rv. 1987. Ennfremur byggja margir þættir Jóns Helgasonar ritstjóra á dómsmálum: Jón Helgason: *Íslenzkt mannlif* 1–4, Rv. 1958–62; Jón Helgason: *Vér Íslands börn* 1–4, Rv. 1968.

<sup>9</sup> Halldór Laxness: *Íslandsklukkan*, Rv. 1943–46. Jóhann Gunnar Ólafsson rekur mál Jóns Hreggviðssonar í þættinum „Óbótamál Jóns Hreggviðssonar á Rein. Aldarfarslýsing“, *Helgafell* 2 (1943), 284–296.

<sup>10</sup> Halldór Laxness: *Íslandsklukkan*, 2. útgáfa, Rv. 1957, 7.

<sup>11</sup> Sama heimild, 80.

Hér er enn klifað á dökku yfirbragði en Jón Íslandsklukkunnar er að því er virðist meira hærður en Jón Alþingisbókarinnar. Þegar Jón eldist gránar hann fyrir hærum sem fleiri, þó ekki brýn hans. Hann kemur á fund Snæfríðar í Bræðratungu í sjötta kafla annars bindis og þar standa þessi orð: „Brýn hans voru enn svartar en úlfgrátt hár hans.“<sup>12</sup> Til viðbótar má vel gera sér í hugarlund að Laxness hafi haft orðin „snarlegur og harðlegur í fasi“ í huga er hann skapaði Jón sinn og lýsir viðbrögðum hans í sumum senum bókarinnar. Skýrasti vitnisburðurinn um að Laxness hafði lýsinguna á Jóni Hreggviðssyni í Alþingisbókinni við höndina er þó sena í sjöunda kafla þar sem Jón er leiddur fyrir lögmann og fleiri embættismenn landsins: „Andspænis þessu stórmenni landsins stendur tötramaður í rifinni mussu, gyrður reipi úr hrosshári, berfættur og svartur á fótum, með sára úlnliði bólgnu, en handsmár, koldökkur á hár og skegg og gráföfulur í andliti, móeygður, snarlegur í fasi og harðlegur.“<sup>13</sup>

Ef lítið er til þeirra dæma, sem tekin hafa verið hér frammar, læðist að lesanda lýsingarinnar á Birni Guðmundssyni sá grunur að þar leynist á bak við sögur af ögn kynlegum kvisti, en þær eru nú gleymdar því ekki veit ég til að sagnir hafi varðveist um Björn þennan eða að hann hafi orðið seinni tíma rithöfundum efni í þátt eða sögu. Sama er að segja af Jóni Þorleifsson en það var árið 1734 að menn vildu hafa hendur í hári hans. Í þessu broti af lýsingunni á honum sjáum við hrossakaupakarlinn lifandi kominn:

[— —] gapalegur, lotinn og flaslegur í framgöngu, illsinnaður, nær sem við hafa vildi, strákfenginn í orðum, raupgjarn og

<sup>12</sup> Sama heimild, 205.

<sup>13</sup> Sama heimild, 58; Eiríkur Jónsson bendir á þessa samsvörun í bók sinni *Retur Íslandsklukkunnar*, Rv. 1981, 82.

lyginn, skipti hljóðum til blíðu, þá vellíkaði, en skrækraddaður, þá miður þótti, mesti kaup-svallari, sólgín í hesta-kaup og slyngur að finna aldur þeirra, kvaddi kaupnauta sína gjarnan so: Vertu sæll, vinur. [— —]

(Alþingisbókin 1734, 184).

Óneitanlega gæti hér sem í mörgum fleiri tilvikum verið freistandi efniviður og kveikja frekari efnisöflunar fyrir höfunda sögulegs skáldskapar, sagnaþátta- og heimildapátta.

Það er ein íþrótt frásagnarlistarinnar að lýsa manni og litrík mannlýsing getur verið kjarni sagna um ákveðna persónu. Mörg dæmi eru um þetta í þjóðlegum fróðleik en eitt helsta áhugaefni þeirra karla sem sinntu ritun slíks efnis var einmitt að draga upp mynd af fólki fyrri tíma. Sagnaþættirnir eru mannlýsingar öðru fremur og sagnirnar sem þeir hafa að geyma þjóna tíðum því hlutverki fyrst og fremst að undirbygga þá lýsingu sem dregin er upp af persónum. Sagnaþættirnir bera í ýmsu vott um áhrif frá fornum sagnaritum í þjóðlegum stíl, m. a. hvað varðar orðaforða, stíl og staðsetningu mannlýsinga í textanum.<sup>14</sup> Það væri vissulega glannaleg kenning að telja mannlýsingarnar í Alþingisbókunum hinn hulda hlekk milli fornritanna og seinni tíma sagnarita og ævisagna – en má þó ekki ætla að þekkingin á gömlum textum hafi stuðlað að íhaldssemi í formi mannlýsinga í sagnaritum og munnlega fluttum sögnum á seinni öldum, að hefðin hafi haldið á móti máláhrifum embættismannastílsins þegar manni var lýst, m. a. á Alþingi Íslendinga? Ég vil alltjénd leyfa mér

---

<sup>14</sup> Á Þingeyraþingi þann 18.–19. ágúst 2007 hélt ég fyrirlestur um þetta samband fornsagna og sagnaþátta en það bíður betri tíma að gera grein fyrir því í rituðu máli.

að vera svo djurfur að telja mannlýsingarnar, sem lesa má í Alþingisbókum 17. og 18. aldar, leif um lifandi hefð og tækni er varðveittist frá miðöldum.